# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Skrifstofa blaðsins**
**er í Síðumúla 29, 2. hæð,**
**150 Reykjavík.**
**Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Árg. kostar 2.500 krónur,**
**hvert eintak 65 krónur.**

**Nr. 150** **94. ár** **Föstudaginn 28. desember 2001**

## Stefnur

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness,**
**Ólöf Pétursdóttir**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Ingi H. Sigurðsson hdl., kt. 310553-7199, Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði, að hann þurfi f.h. Ragnheiðar Sigurjónsdóttur, kt. 060858-6839, Norðurgötu 25, 245 Sandgerði, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Að ógilt verði með dómi veðskuldabréf útgefið hinn 1. nóvember 1977 af Óskari Guðjónssyni, þá til heimilis að Norðurgötu 25, Sandgerði, til handhafa að fjárhæð gamlar kr. 800.000 tryggðu með þriðja veðrétti og uppfærslurétti í húseigninni Norðurgötu 25, Sandgerði, ásamt lóðarréttindum, öllu múr- og naglföstu og því sem eigninni fylgir og fylgja ber, ásamt viðbótum og endurbótum öllum að engu undanskyldu.

*Fyrirsvar:* Ingi H. Sigurðsson hdl. fer með mál þetta f.h. Ragnheiðar Sigurjónsdóttur.

*Málsástæður og lagarök:* Veðskuldabréfið kveður stefnandi útgefið í Keflavík hinn 1. nóvember 1977 af fyrrgreindum Óskari Guðjónssyni, til handhafa. Skuldabréfið sé upphaflega að fjárhæð gkr. 800.000 og hafi verið tryggt með þriðja veðrétti og uppfærslurétti í húseigninni Norðurgötu 25, Sandgerði, ásamt lóðarréttindum, öllu múr- og naglföstu og því sem eigninni fylgir og fylgja ber, ásamt viðbótum og endurbótum öllum að engu undanskyldu, næst á eftir skuld á 1. veðrétti gkr. 280.000 til veðdeildar Landsbanka Íslands, skv. tveimur veðskuldabréfum dags. 11. janúar 1966 og 29. júní 1966 og á 2. veðrétti gkr. 200.000 til Verslunarbanka Íslands, dags. 9. júlí 1975, skv. einu veðskuldabréfi. Skuldabréfið hafi verið móttekið til innfærslu í veðmálabækur Gullbringusýslu til þinglýsingar á næsta manntalsþingi Miðneshrepps þann 1. nóvember 1977 og hafi verið merkt litra N4-218. Skuldabréfið skyldi greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 15 árum, hinn 1. mars og 1. september ár hvert, í fyrsta sinn 1. mars 1978. Vextir skyldu vera hæstu útlánsvextir ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. nóvember 1977, en vextir voru við útgáfu bréfs 19%.

Stefnandi kveður skuldabréfið að fullu greitt, en það hafi glatast og því ekki verið hægt að aflýsa því. Brýna nauðsyn beri til að fá skuldabréfið ógilt með dómi, svo hægt sé að aflýsa því. Stefnandi kveðst vísa um lagarök til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi situr í óskiptu búi eftir látinn eiginmann sinn, Rúnar Ágúst Arnbergsson, samkvæmt búsetuleyfi, útgefnu af sýslumanninum í Keflavík, dags. 24. september 2001, sbr. framlagt veðbókarvottorð. Með búsetuleyfinu hefur stefnandi eignarráð á fjármunum búsins, m.a. umræddri fasteign og ber ábyrgð á skuldum hins látna sem um hans eigin skuldir væri að ræða, sbr. 12. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

## Auglýsing

### um frestun á fundum Alþingis

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, frá 14. desember 2001 til 22. janúar 2002.

*Gjört á Bessastöðum, 13. desember 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*“

Alþingi samþykkti hinn 14. desember 2001 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, frestað hinn 14. desember 2001.

*Forsætisráðuneytinu, 14. desember 2001.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

15175)

## Tilkynning

### frá viðskiptaráðuneytinu um verðbréfasjóð

*Verðbréfasjóði veitt starfsleyfi*

Með vísan til 2. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði með síðari breytingum, tilkynnist hér með að Vísitölusjóður BÍ hf., hefur frá og með 17. desember 2001 fengið starfsleyfi sem verðbréfasjóður sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hér á landi.

| | |
|---|---|
| *Nafn sjóðsins.* | **Vísitölusjóður BÍ hf.** |
| *Stjórnarmenn:* | Sólon R. Sigurðsson, Heiðvangi 2, Hafnarfirði, formaður. |
| | Yngvi Örn Kristinsson, Dynskógum 3, Reykjavík, |
| | Viggó E. Hilmarsson, Skólavörðustíg 3, Reykjavík |
| | Árni Tómasson, Hraunbraut 20, Kópavogi, varamaður. |
| *Endurskoðandi:* | Deloitte & Touche hf. |
| *Rekstrarfélag:* | Rekstrarfélag verðbréfasjóðs Búnaðarbankans. |
| *Vörslufyrirtæki:* | Búnaðarbanki Íslands. |

**Viðskiptaráðuneytinu,**
17. desember 2001.

15203)

## Nauðungarsölur

### Reykjavík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 31. janúar 2002, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| *Kl. 10.00* | | | |
| Arnarbakki 4, 020103, geymsla í kjallara 15,8 fm og brennsluofn 7,3 fm á 1. hæð fiskbúð 59,9 fm | Sýr ehf. | Tollstjóraembættið | 235.462 |

15092)

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Asparfell 8, 0602, 107,1 fm 4ra herb. íbúð á 6. hæð m.m. merkt B ásamt geymslu í kjallara merkt B-6 (0042) 15093) | Verkfæragerðin ehf. | Tollstjóraembættið | 90.188 |
| Austurberg 8, 0402, 2ja herb. íbúð á 4. hæð nr. 3 15094) | Guðmundur Baldvinsson | Búnaðarbanki Íslands hf. | 1.030.795 |
| Álfabakki 14a, 0203, 2. hæð 15095) | Þjóðdansafélag Reykjavíkur | Tollstjóraembættið | 41.270 |
| Álfheimar 15, 0201, 5 herb. 127,3 fm íbúð á 2. hæð m.m. og nyrðri bílskúr 15096) | Elís Rúnar Víglundsson | Íbúðalánasjóður | 218.890 |
| Bárugata 4, 0101, íbúð á 1. hæð og 2 herb. í risi auk bílskúrs m.m. 15097) | Inger Steinsson | Íbúðalánasjóður | 1.229.363 |
| Blesugróf 17 15098) | Konráð Þórisson og Margrét Auðunsdóttir | Íbúðalánasjóður | 224.154 |
| Blöndubakki 1, 0301, 89,3 fm íbúð á 3. hæð m.m. ásamt herbergi í kjallara merkt 0001 og geymsla merkt 0008 15099) | Helga Oddsdóttir og Stefán Ingi Óskarsson | Íbúðalánasjóður | 86.644 |
| Brekkutangi 20, Mosfellsbæ 15100) | Pétur G. Kornelíusson | Mosfellsbær | 163.451 |
| Bræðraborgarstígur 5, 0101, 82,1 fm 4ra herb. íbúð á 1. hæð m.m. ásamt geymslum í kjallara merktar 0003 og 0004 15101) | Jónas Ingi Ketilsson | Bræðraborgarstígur 5, húsfélag | 2.319.330 |
| Bæjarflöt 6, 010104, 183,8 fm iðnaðarhúsnæði á 1. hæð m.m. 15102) | Formverk ehf. | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 799.701 |
| Dverghamrar 1 15103) | Margrét Jóhannsdóttir og Jón Þór Sigurðsson | Íbúðalánasjóður | 93.219 |
| Engjateigur 19, 0207, vestasta íbúðin af fimm á 2. hæð í austurálmu (102,7 fm) íbúð F-5 15104) | Kaup ehf. | Íbúðalánasjóður | 627.455 |
| Faxafen 12, 0103, 298,8 fm í SA-hluta kjallara 15105) | Nicolai ehf. | Tollstjóraembættið | 205.211 |
| Fálkagata 20b, 0101 15106) | Kristín E. Kristleifsdóttir | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 71.034 |
| Fífurimi 1, 0202, íbúð á 2. hæð (88,4 fm) m.m. 15108) | Jósep Svanur Jóhannesson og Bylgja Eyhlíð Gunnlaugsdóttir | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú og tollstjóraembættið | 3.022.366 |

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirfarandi sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá.
3. Ljósrit veðskuldabréfs dags. 1. nóvember 1977.
4. Veðbókarvottorð fasteignarinnar Norðurgötu 25, Sandgerðisbæ.
5. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.

*Fyrirkall:* Vegna þess stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum og telur til réttar yfir því, til að mæta í héraðsdómi Reykjaness, Fjarðargötu 9, 3. hæð, Hafnarfirði, miðvikudaginn 30. janúar 2002, kl. 9.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins, þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að krafa stefnanda um ógildingu bréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, 17. desember 2001.

**Ólöf Pétursdóttir.**

(15179

Aðilar málsins eru:

*Stefnandi:* Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, pósthólf 3200, 123 Reykjavík.

*Stefndu:* Óskar Welding Snorrason, kt. 211161-4699, óstaðsettur í hús, 810 og Sveinbjörn Benediktsson, kt. 021144-4529, Krossi 1, 861 Hvolsvelli.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi, Óskar, verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 6.798, ásamt dráttarvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, af kr. 6.798 frá 1. október 2000 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Jafnframt er þess krafist að staðfestur verði lögveðsréttur stefnanda í fasteign stefnda Sveinbjörns Heiðmörk 22h, matshluti 010101, Hveragerði.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á 1. yfirliti yfir ógreiddar brunatryggingar fasteigna.

| Nr. | Útgáfudagur | Gjalddagi | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| 1. | 1. okt. 2000 | 1. okt. 2000 | 6.798,00 |

Skuld þessi samkvæmt ofangreindu yfirliti stefnanda dags. 31. júlí 2001 yfir ógreidda brunatryggingu á fasteign stefnda Sveinbjörns, Heiðmörk 22h, matshluti 010101, Hveragerði. Um er að ræða brunatryggingu fyrir tímabilið 27. júlí 2000 til 31. mars 2002. Tryggingarskírteini nr. 46-0239754 var gefið út þann 27. júlí 2000 vegna tryggingarinnar skyldi það endurnýjast 1. apríl ár hvert.

Er krafist staðfestingar á lögveðrétti í fasteign stefnda Sveinbjörns til tryggingar skuldinni, í samræmi við 7. gr. laga um brunatryggingu nr. 48/1994. Stefndi Óskar er tryggingartaki og því stefnt til greiðslu kröfunnar. Stefndi Óskar var með eignarhald á ofangreindri eign þegar hann stofnaði til skuldbindingarinnar.

Krafist er dráttarvaxta til samræmis við ákvæði í stöðluðum samningsskilmálum stefnanda, en skv. þeim reiknast dráttarvextir frá útgáfu brunatryggingarskírteinis eða endurnýjunardegi. Framlögð yfirlit yfir ógreidda brunatryggingu eru send til lögmanns stefnanda við upphaf lögfræðiinnheimtu og hafa því ekki sjálfstætt gildi hvað varðar upphaf dráttarvaxta, en stefnandi sendir út gíróseðla, mánuði fyrir hvern gjalddaga, til greiðanda. Afrit þeirra gíróseðla á stefndi ekki og er því fyrrnefnt yfirlit lagt fram, f.o.f. til skýringar kröfunni.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur. Þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni ber að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar.

Þar sem stefndi hefur ekki sinnt innheimtuaðgerðum stefnanda er málsókn þessi nauðsynleg.

Stefndi Óskar er skv. upplýsingum Þjóðskrár ekki með skráð lögheimili þ.e. óstaðsettur í hús og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum samninga og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga svo og lagaákvæði um brunatryggingar nr. 48/1994 einkum 1. og 7. gr. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum vegna vaxta til og með 30. júní 2001, en III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 vegna vaxta frá 1. júlí 2001 til greiðsludags. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Yfirlit yfir ógreidda brunatryggingu ásamt útprentun úr skrám FMR.
4. Veðbókarvottorð.
5. Útskrift úr Þjóðskrá.
6. Ljósrit af Lögbirtingablaði sem stefna þessi birtist í.
7. Innheimtubréf lögmanns stefnanda.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefndu tilefni til.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu v/Lækjartorg, sal 102, Reykjavík, þann 14. febrúar 2002, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 26. nóvember 2001.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
**Grétar Már Ólafsson** hdl.

(14928

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum þann 25. október 2001, var bú Tryggva Rúnars Guðjónssonar, kt. 080665-2969, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 28. september 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra, að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skipafundur til að fjalla um skrá um lýstar

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Fífurimi 42, 0101, 4ra herb. íbúð nr. 6 frá vinstri á 1. hæð 15109) | Svanhildur Ragnarsdóttir | Íbúðalánasjóður | 442.005 |
| Flétturimi 23, 0302, 107,1 fm á 3. hæð m.m. og stæði merkt 0006 í bílskýli 15110) | Gunnar Kristinn Hilmarsson og Ingibjörg H. Hjartardóttir | Íbúðalánasjóður | 490.151 |
| Flétturimi 27, 0102, 51,1 fm íbúð á 1. hæð m.m. 15111) | Haraldur Ingi Magnússon | Íbúðalánasjóður | 182.778 |
| Framnesvegur 44, 0201, 5 herb. íbúð á 2. hæð m.m. 15112) | Helgi Pálmason | Íbúðalánasjóður | 286.302 |
| Goðaborgir 3, 0202, 64,6 fm 2ja herb. íbúð á 2. hæð t.h. m.m. og geymsla merkt 0105 15114) | Ásthildur S. Haraldsdóttir og Ingvar Leifsson | Íbúðalánasjóður, tollstjóraembættið og Tryggingamiðstöðin hf. | 343.800 |
| Grenibyggð 23, Mosfellsbæ 15115) | Guðbjörg Sif Sigrúnardóttir og Ingvar Júlíus Helgason | Íslandsbanki-FBA hf. og Ríkisútvarpið | 3.930.144 |
| Hagamelur 30, 0001, 50% í kjallaraíbúð 15116) | Guðmundur Magni Ágústsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 692.257 |
| Hamraberg 8, 0101, 62,7 fm íbúð á 1. hæð ásamt 61,9 fm efri hæð og 21,1 fm bílgeymslu merkt 0102 Hamraberg 8,12,16 og 1/12 hl. bílastæða og bílskúralóð Hamraberg 4-26 15117) | Gunnar Þorsteinn Jónsson | Landsbanki Íslands hf., höfuðst. | 1.477.670 |
| Hálsasel 35, 50% ehl. 15118) | Anna Sigurðardóttir | Íbúðalánasjóður | 119.198 |
| Hlíðartún 7, 50% ehl., Mosfellsbæ 15119) | Jóhannes Reykdal | Mosfellsbær | 81.370 |
| Hraunbær 152, 0203, 4ra herb. 105,2 fm íbúð á 2. hæð ásamt geymslu merkt 0108 m.m. 15120) | Margrét Jónsdóttir | Landsbanki Íslands hf., höfuðst. | 2.355.717 |
| Hringbraut 46, 0101, 4ra herb. íbúð á 1. hæð 15121) | Herdís L. Storgaard | Tollstjóraembættið | 843.742 |
| Hrísrimi 21 15122) | Skúli Magnússon | Íbúðalánasjóður | 453.286 |
| Hverfisgata 74, 0102 verslunar- og þjónustuhúsnæði á 1. hæð t.h. m.m. 15123) | Gerpla ehf. | Íslandsbanki hf., útibú 526 og tollstjóraembættið | 664.546 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Hverfisgata 74, 0301, 4ra herb. íbúð á 3. hæð t.v. m.m. ásamt geymslu merkt nr. 4 í rými 0601 15124) | Friðfinnur Örn Hagalín | Íbúðalánasjóður | 212.309 |
| Hverfisgata 74, 0501, 4ra herb. íbúð á 5. hæð t.v. m.m. ásamt geymslu merktri nr. 9 í rými 0601 15125) | Gerpla ehf. | Lögheimtan hf. og tollstjóraembættið | 664.478 |
| Hæðargarður 56, 0201, 107,6 fm íbúð á 2. hæð m.m. ásamt geymslum 0003 og 0006 15126) | Dalla Rannveig Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 530.300 |
| Höfðatún 9 15127) | Guðjón Ármann Halldórsson | Tollstjóraembættið | 124.197 |
| Hörðaland 16, 0302, 81,6 fm íbúð á 3. hæð m.m. 15128) | Helga Þórey Jónasdóttir | Tollstjóraembættið | 1.296.019 |
| Írabakki 34, 0302, 4ra herb. íbúð 77,5 fm á 3. hæð t.h. m.m. 15129) | Sigríður Sigurlína Pálsdóttir | Íslandsbanki-FBA hf. | 591.067 |
| *Kl. 14.00* | | | |
| Jöklafold 14 ásamt bílskúr skv. fasteignamati 15130) | Hallgrímur Guðmundsson og Fanný Fjóla Ásgeirsdóttir | Íbúðalánasjóður | 180.526 |
| Kárastígur 11, 0201, 3ja herb. íbúð á efstu hæð 15131) | Ingi Ragnar Ingason | Íbúðalánasjóður | 114.056 |
| Keilufell 25 ásamt bílskúr skv. fasteignamati 15132) | Þórdís Óladóttir og Skafti Baldur Baldursson | Tollstjóraembættið | 111.224 |
| Klapparstígur 27, 0302, 211,9 fm skrifstofuhúsnæði á 3. hæð m.m. 15133) | Akkur ehf. | Tollstjóraembættið | 78.357 |
| Kleppsvegur 26, 010304, 4ra herb. íbúð á 3. hæð t.v. ásamt geymslu m.m. 15134) | Ingunn Sólveig Aradóttir | Sparisjóður vélstjóra | 342.476 |
| Kleppsvegur 118, 0301, 77,7 fm íbúð á 3. hæð m.m. 15135) | Jóna Bárðardóttir | Búnaðarbanki Íslands hf. | 1.535.133 |
| Klukkurimi 93, 0102, 2ja herb. íbúð, 2. frá vinstri á 1. hæð 15136) | Laufey Símonardóttir | Greiðslumiðlun hf. - Visa Ísland, Kreditkort hf. og Leikskólar Reykjavíkur | 2.253.620 |
| Krummahólar 45 15137) | Matthías Ægisson og Hanna Ólafsdóttir | Íbúðalánasjóður | 712.273 |
| Langagerði 52 15138) | Ragnar Guðmundsson | Íbúðalánasjóður | 225.051 |
| Langholtsvegur 94, 15139) | Upp ehf. | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 186.495 |

kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, mánudaginn 11. mars 2002 kl. 10.00 f.h. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 10. desember 2001.
**Ólafur Björnsson** hrl.,
skiptastjóri.
(15065 a

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, sem upp var kveðinn 5. desember 2001, var bú Sláturfélags Vesturlands hf., kt. 570798-2519, Brákarey, Borgarnesi, Borgarbyggð, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 4. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar starfsstofu skiptastjóra í Lagastoð ehf., Lágmúla 7, 6. hæð, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 6. hæð, Reykjavík, mánudaginn 18. mars 2002 kl. 14.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 10. desember 2001.
**Þórður Ólafur Þórðarson** hdl.
(15066 a

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, 13. desember 2001, var bú Sæfisks ehf., kt. 411294-2779, Hraunási 5, Hellissandi, tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 27. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarbraut 61, Borgarnesi, miðvikudaginn 20. mars 2002 kl. 14.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

Borgarnesi, 17. desember 2001.
**Ingi Tryggvason** hdl.,
skiptastjóri.
(15198 a

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum 6. desember 2001, var bú Trésmiðju Djúpavogs ehf., kt. 550889-1029, Strandgötu 52, Eskifirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 21. september 2001. Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarbraut 40, 780 Hornafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun að eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra þriðjudaginn 5. mars 2002 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Hornafirði, 6. desember 2001.
F.h. Sigríðar Kristinsdóttur hdl.
**Guðrún El. Árnadóttir** lögfr.
(14943 b

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, uppkveðnum þann 5. desember 2001, var bú Eddu Proppé Þórðardóttur, kt. 050645-4549, Fjarðargötu 8, Þingeyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við skiptin er 28. september 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Aðalstræti 24, pósthólf 327, 400 Ísafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalstræti 24, 3. hæð, Ísafirði, miðvikudaginn 13. mars 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund á skrifstofu skiptastjóra.

Ísafirði, 6. desember 2001.
**Björn Jóhannesson** hdl.

(14945 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 6. desember 2001, var bú Kjöts ehf., kt. 540989-1339, Grensásvegi 48, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 3. desember 2001.

Hér með er skorað á lánardrottna og aðra þá, sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða muni í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skal senda til undirritaðs skiptastjóra, Kristjáns Ólafssonar hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á ofangreindri skrifstofu undirritaðs, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, miðvikudaginn 6. mars 2002 kl. 14.00 síðdegis.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir fundinn.

Reykjavík, 10. desember 2001.
**Kristján Ólafsson** hrl.

(14947 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 12. desember 2001, var Flóka ehf., kt. 550769-7709, Árholti 16, 640 Húsavík, veitt heimild til að leita nauðasamnings. Félagið hefur frá því að það var stofnað starfað að útgerð og skyldum rekstri.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga samningskröfur samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991 á hendur Flóka ehf., að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar á nafn umsjónarmanns að Strandgötu 29, 600 Akureyri.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottnum, sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp skuldarans, á skrifstofu undirritaðs að Strandgötu 29, 600 Akureyri, þriðjudaginn 25. janúar 2002, kl. 10.00, til þess að greiða þar atkvæði um frumvarpið.

Akureyri, 12. desember 2001.
**Jón Kr. Sólnes** hrl.

(15082 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 6. desember 2001, var bú Þóris Jónssonar, kt. 120365-5339, Hálsvegi 4, 680 Þórshöfn tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 13. nóvember 2001. Var undirrituð skipuð skiptastjóri þrotabúsins þann 6. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Langholtsvegur 112 15140) | Sigríður Ásta Lárusdóttir og Runólfur V. Gunnlaugsson | Íbúðalánasjóður | 133.018 |
| Laufengi 62, 0303, 3ja herb. íbúð 15141) | Henný Rós Guðsteinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 169.815 |
| Laugavegur 140 15143) | Halldóra Lilja Helgadóttir | Tollstjóraembættið | 487.334 |
| Lágholt 19, Mosfellsbæ 15144) | Þráinn Þorsteinsson | Búnaðarbanki Íslands hf. | 1.818.838 |
| Leirubakki 12, 0302, 3ja herb. íbúð á 3. hæð horníbúð 15145) | Sandra Ösp Andrésdóttir og Ragnar Örn Hreggviðsson | Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki hf., útibú 526 | 437.314 |
| Ljósavík 52, 010301, 50% ehl. í 107,0 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð m.m. ásamt bílskýli 0109 og geymslu á 1. hæð merkt 0103 15146) | Elínborg Sigurðardóttir | Tollstjóraembættið | 36.056 |
| Ljósheimar 20, 0801, 85,7 fm íbúð á 8. hæð og geymsla merkt 0105 (áður íbúð 0701 skv. eldri lýsingu) 15147) | Margrét A. Kristinsdóttir | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 178.842 |
| Lyngháls 10, 010302, 93,5 fm vörugeymsla f. miðju í austur m.m. 15148) | Tryggvi Pétursson | Sparisjóður vélstjóra | 373.128 |
| Lyngrimi 22 15149) | Bragi Gunnarsson | Tollstjóraembættið | 12.010.248 |
| Melsel 7 15150) | Þór Mýrdal | Íbúðalánasjóður | 395.435 |
| Mjölnisholt 12 15151) | Svanhvít Friðriksdóttir | Tollstjóraembættið | 314.767 |
| Njálsgata 71, 0301, 4ra herb. íbúð í risi 15152) | Hilmar Páll Jóhannesson | Íbúðalánasjóður | 116.822 |
| Njálsgata 112, 0002, 2ja herb. íbúð í kjallara að vestan 15153) | Guðmundur T. Gunnarsson | Íbúðalánasjóður | 141.744 |
| Nökkvavogur 4, 0101, 50% ehl. í 1. hæð 15154) | Fannar Birgir Jónsson | Íslandsbanki-FBA hf. | 897.990 |
| Reyrengi 4, 0304, 50% ehl. í 4ra herb. íbúð 98,8 fm á 3. hæð t.h. m.m. 15155) | Guðrún Hafdís Benediktsdóttir | Íbúðalánasjóður | 321.969 |
| Seljavegur 21, 0201, 93,7 fm á 2. hæð m.m. 15157) | Hansína Rut Rútsdóttir og Birgir Guðbjörnsson | Brimborg ehf., Íbúðalánasjóður og Lífeyrissjóðurinn Lífiðn | 247.349 |
| Skálholtsstígur 2A, 15158) | Kastalinn ehf. | Húsasmiðjan hf., Íbúðalánasjóður, Lífeyrissjóður lækna og tollstjóraembættið | 11.045.650 |
| Skógarás 12, 50% ehl. 15159) | Kristinn Skúlason | Tollstjóraembættið | 66.452 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Smiðshöfði 12, 010101, 200 fm vinnuaðstaða á 1. hæð t.v. og 020101, 81,10 fm útigeymsla 15160) | Stansverk ehf., Mosfellsbæ | Tollstjóraembættið | 1.026.149 |
| Snorrabraut 56, 0303, 50% ehl. í 3ja herb. íbúð 87,6 fm á 3. hæð önnur t.h. 15161) | Ragnheiður Einarsdóttir | Búnaðarbanki Íslands hf. | 3.184.368 |
